



**84. fundur Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, mánudaginn 15. maí 2023
og hófst hann kl. 12:45**

Fundinn sátu:

Jónína Brynjólfsdóttir formaður, Þórhallur Borgarson varaformaður, Björgvin Stefán Pétursson aðalmaður, Ásdís Hafrún Benediktsdóttir aðalmaður, Eiður Gísli Guðmundsson aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Pétur Heimisson aðalmaður, Hannes Karl Hilmarsson áheyrnarfulltrúi, Hugrún Hjálmarsdóttir framkvæmda- og umhverfismálastjóri og Sóley Valdimarsdóttir ritari.

Fundargerð ritaði: Sóley Valdimarsdóttir, ritari á umhverfis- og framkvæmdarsviði

Skipulagsfulltrúi, Sigurður Jónsson, sat fundinn undir liðum nr. 9-13.

Dagskrá:

1. 202209242 - Málefni Slökkviliðs Múlapings

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri Múlapings fóru yfir helstu verkefni. Fjallað var um brunavarnir í útihúsum, gróðurelda og tækjabúnað til að bregðast við þeim.

Lagt fram til kynningar.

Gestir

Ingvar Birkir Einarsson - 12:45

Haraldur Geir Eðvaldsson - 12:45

2. 202203147 - Skýrsla framkvæmda- og umhverfismálastjóra

Frestað til næsta fundar.

3. 202305150 - Fundir sveitarstjórnar, ráða og heimastjórna í ágúst til desember 2023

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggja drög að fundardagatali allra nefnda fram til árs loka 2023.

Lagt fram til kynningar.

4. 202304148 - Innsent erindi, Regnbogagata á Seyðisfirði sem göngugata

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur erindi frá forsvarsaðilum handverksmarkaðarins við Norðurgötu 6. Þar er óskað eftir því að Norðurgötu (Regnbogagötu) verði lokað fyrir almennri bílaumferð yfir sumartímann. Jafnframt liggur fyrir umsögn heimastjórnar Seyðisfjarðar um málið.



Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð tekur jákvætt í erindið og leggur til að gerð verði tilraun með lokun Norðurgötu sumarið 2023. Reynsla sumarsins verður nýtt til að móta reglur um tímabundnar lokanir gatna í Múlaþingi.

Áður en endanlega afstaða verður tekin til fyrirkomulags lokunar á komandi sumri felur ráðið skipulagsfulltrúa að kynna áformin fyrir eigendum fasteigna við Norðurgötu 2, 3, 5, 6, 7, 8, 8b og 10. Lagt er til að lokunartími verði frá 15. júní til 1. september. Lokunarmerkjum skal koma fyrir við báða enda Norðurgötu, en þó á þann hátt að aðgengi hreyfihamlaðra, viðbragðsaðila og vöruafhendinga sé tryggt.

Málið verður tekið fyrir að nýju hjá ráðinu þegar kynningu er lokið.

Samþykkt samhljóða.

5. 202205010 - Sjálfsafgreiðslustöð N1 á Djúpavogi.

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur erindi frá heimastjórn Djúpavogs þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvort staðsetning sjálfsafgreiðslustöðvar N1 á Djúpavogi standist núverandi skipulag. Heimastjórn Djúpavogs telur mikilvægt að eldsneytisafgreiðslu verði fundinn ný staðsetning til framtíðar fjarri íbúðabyggð.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð hefur skoðað málið og er eldsneytisafgreiðsla N1 ehf. á Djúpavogi í samræmi við gildandi Aðalskipulag Djúpvagagshrepps 2008-2020.

Samþykkt samhljóða.

6. 202210120 - Aðalskipulagsbreyting, Efnisnáma, Kiðueyri í Grímsá

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsögn Hafrannsóknarstofnunar vegna fyrirhugaðrar vinnu við breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 þar sem efnisnáma við Grímsá í landi Ketilsstaða 2 (L157536) verður færð inn á skipulag. Fyrir ráðinu liggur að taka afstöðu til áframhaldandi málsmeðferðar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að gerð verði breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 sem geri ráð fyrir efnisvinnslu við Grímsá í landi Ketilsstaða 2. Við vinnslu tillögunnar verði tekið tillit til umsagnar Hafrannsóknarstofnunar með það að markmiði að lágmarka neikvæð áhrif efnisvinnslu á lífríki árinna.

Samþykkt samhljóða.

7. 202304036 - Aðalskipulagsbreyting, Seyðisfjörður, Keilur undir Bjólfi

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur skipulags- og matslýsing, auk vinnslutillögu, fyrir breytingu á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 vegna varnarkeila norðan Öldugarðs.



Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að fyrirbyggjandi skipulags- og matslýsing auk vinnslutillögu verði kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

8. 202304037 - Deiliskipulagsbreyting, Seyðisfjörður, Keilur undir Bjólfi

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur vinnslutillaga fyrir nýtt deiliskipulag vegna varnarkeila norðan Öldugarðs.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að leggja til við heimastjórn Seyðisfjarðar að fyrirbyggjandi vinnslutillaga verði kynnt í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

9. 202212147 - Deiliskipulag, Smávirkjun við Gestreiðarstaðaháls

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur vinnslutillaga fyrir nýtt deiliskipulag smávirkjunar við Gestreiðarstaðaháls. Jafnframt er lagt fram minnisblað með viðbrögðum vegna þeirra athugasemda sem gerðar voru við skipulagslýsingu verkefnisins.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fyrirbyggjandi vinnslutillaga verði kynnt í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

10. 202303126 - Stofnun nýrra lóða, Lágafell 3

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur tillaga um stofnun nýrrar lóðar við Lágafell 3 í Fellabæ.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð felur skipulagsfulltrúa að láta grenndarkynna nýja lóð fyrir fasteignaeigendum við Lágafell 2 og 4 og Lagarfell 12.

Samþykkt samhljóða.

11. 202302188 - Umsókn um framkvæmdaleyfi, Skeggjastaðir, bakkavarnir

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsókn um framkvæmdaleyfi vegna bakkavarna við Jöklu í landi Skeggjastaða á Jökuldal. Samþykki landeigenda, jákvæð umsögn Minjastofnunar Íslands og leyfi Fiskistofu liggur fyrir.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að heimila skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við fyrirhuguð áform.



Samþykkt samhljóða.

12. 202305080 - Umsókn um framkvæmdaleyfi, Skógrækt 176 ha., Hafursá

Í upphafi máls vakti Björgvin Stefán Pétursson máls á mögulegu vanhæfi sínu. Formaður bar upp tillögu þess efnis sem var samþykkt samhljóða. Björgin vék af fundi undir umræðu og afgreiðslu málsins.

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsókn um framkvæmdaleyfi frá Skógræktinni vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Hafursár (L157487) sem er í eigu Ríkissjóðs Íslands. Sótt er um leyfi til ræktunar á 176 ha skógrækt á landi sem skilgreint er í Aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028 sem opið svæði til sérstakra nota.

Í greinargerð aðalskipulags segir að svæðið sé „ætlað til útiveru og náttúruskoðunar og er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem tengjast almennri útiveru og náttúruskoðun, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Minni háttar mannvirki og starfsaðstaða vegna skógræktar er heimil.“

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Það er mat umhverfis- og framkvæmdaráðs að fyrirhuguð skógræktaráform samræmist ekki gildandi aðalskipulagi og getur þar af leiðandi ekki fallist á útgáfu framkvæmdaleyfis.

Samþykkt samhljóða.

13. 202208153 - Umsókn um byggingarheimild, Steinholt, 701,

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsókn um byggingaráform í landi Steinholt (L157602). Áformin eru í samræmi við stefnu Aðalskipulags Fljótshéraðs 2008-2028 en ekki er í gildi deiliskipulag. Fyrir ráðinu liggur að taka afstöðu til grenndarkynningar í samræmi við 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Með vísan til lokamálsliðar 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og með hliðsjón af því að fjarlægð frá næstu nágrönum er slík að ekki er líklegt að áformin hafi veruleg grenndaráhrif samþykkir umhverfis- og framkvæmdaráð að falla frá grenndarkynningu. Afgreiðslu málsins er vísað til byggingarfulltrúa.

Samþykkt samhljóða.

14. 202304171 - Samráðsgátt. Valkostir og greining á vindorku, skýrsla starfshóps.

Stöðuskýrsla um hagnýtingu vindorku hefur verið lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda af umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytinu.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Formanni falið að vinna umsögn í samráði við fulltrúa ráðsins og skila henni inn eigi síðar en 18. maí. Umsögnin verður borin upp til samþykktar á næsta fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs.

Samþykkt samhljóða.



15. 202305016 - Samráðsgátt. Tillögur vinnuhóps um stefnumótun um lengri gönguleiðir

Fyrir liggja í samráðsgátt stjórnvalda tillögur vinnuhóps um lengri gönguleiðir.

Lagt fram til kynningar.

16. 202305060 - Umsagnarbeiðni um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 1028. mál.

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 1028. mál.

Lagt fram til kynningar.

17. 202305058 - Skipulag skógræktar í landinu

Lagt er fram til kynningar bréf frá VÍN, vinum íslenskrar náttúru, sem stílað er á allar sveitarstjórnir landsins.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð þakkar fyrir erindið og vísar því til umræðu í tengslum við stefnumörkun í nýju Aðalskipulagi Múlaþings.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30

